FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

# Heiðarbýlin

## Fornar rústir á Síðuheiðum, V-Skaftafellssýslu
## Rústir á tanganum á milli Merkurár og Sláttugils

**Skýrsla V**



Bjarni F. Einarsson

2013

Forsíðumyndin sýnir snið í prh. 1 í rúst 38:1 á tanganum á milli Merkurár og Sláttugils. Á miðri mynd má sjá torfvegg með áberandi svörtum gjóskulinsum og reglulegri linsum við vinstri jaðar veggjarins, en þar eru komnir strengir í veggnum með E-934 gjóskunni. Í miðju hans er kjarni af torfslettum og mold. Undir veggnum er þykk gráleit gjóska, en það er líklega Landnámslagið sem féll 871±2. Á milli landnámslagsins og veggjarins er mjó svört rönd sem gæti verið E-934. Við hægri jaðarinn er aftur strengur. Mælikvarðinn er 40 sm. Sjá sömu mynd með skýringum hér að neðan (Stafrænar myndir nr. 10. Horft mót SV. Ljósm. BFE).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Apríl 2013.

### *Inngangur*

Í sjötta sinni var farið í V-Skaftafellssýslu til að kanna meintar landnámsrústir. Nú var viðfangsefnið fornlegar rústir á tanga á milli Merkurár og Sláttugils rétt vestan við gilið þar sem Merkuráin steypist niður í gljúfur. Eru rústirnar nr. 38:1-7 í fornleifaskrá sveitarfélagsins/ Fornleifafræðistofunnar og eru rústir þær sem rannsakaðar voru nr. 1.

Ef ekið er eftir línuveginum upp á heiðina frá Geirlandi, er ekið upp á holt mikið er Digranes heitir. Þar er ekið til suðurs og niður holtið hjá rafmangsstaur sem á holtinu stendur. Eru um 500 m að tanganum.

Rannsóknin fór fram dagana 11.-12. ágúst 2012 og voru þrjár prufuholur grafnar í tvennar rústir. Líktist önnur þeirra dálítið á skálarúst, en hin var greinilega seljarúst. Við rannsóknina unnu í sjálfboðavinnu, auk undirritaðs, Ármann Guðmundsson, Ásta Hermannsdóttir, Janis Mitchell, Júlíus Oddson, Páll Kolka, Sandra Sif Einarsdóttir og Sindri Ellertsson Csillag. Forvörslu sá Janis Mitchell um og gjóskugreiningu annaðist dr. Þorvaldur Þórðarsson að venju. Öllum þessum aðilum færi ég mínar bestu þakkir fyrir framlögin.

Hvergi er rústanna á staðnum getið í rituðum heimildum eins merkilegt og það kanna að vera. Þó hafa ýmsir staðkunnugir vitað um rústirnar. Einn þeirra er Júlíus á Mörk, en hann sýndi mér þær fyrst fyrir nokkrum árum þegar rannsóknir á Kirkjubæjarklaustri voru nýhafnar. Samkvæmt honum hafði Þórður Tómasson í Skógum talið rúst 1 geta verið skála.

Við gistum í Heiðarseli, sem nú er orðið að hefð og sá Júlíus um alla milligöngu í því og sá hann einnig um leiguna.




Mynd 1. Staðsetning á rústunum á tanganum sýnd með rauðum hring. Bláir hringir sýna fyrri rannsóknir í Heiðarbýlaverkefninu í V-Skaftafellssýslu (Ísland. Ferðakort yfir Suðurland).

***Rannsóknin***

Grafið var í tvennar rústir, meintan skála og sel þar skammt frá. Stefnt hafði verið að því að grafa einnig í eina af þremur fjárborgum sem þarna eru, en vegna veðurs var ákveðið að hætta við það. Veðrið hamlaði einnig yfirlitsljósmyndun. Byrjað var á prufuholu í hinn meinta skála og svo í seljarústinni. Ekkert hæðarkerfi var sett upp, en rústirnar voru allar teiknaðar í eigið hnitakerfi með staðsetningu prufuholanna. Snið voru teiknuð í öllum prufuholunum þremur og allt ljósmyndað með stafrænni myndavél. Allar áttir miðast við segulnorður.

Sjö fornleifar voru skráðar í fornleifaskrá, en fleiri fornleifa varð vart á svæðinu, allavega tvær. Númer fornleifanna er í beinu framhaldi af öðrum fornleifum í sveitarfélaginu (vegna fyrri rannsókna og ýmissa umhverfismatsverkefna áður fyrr).

***Rúst 38:1***

Rústin er 7 x 20 m (NV - SA) að ytra máli. Veggir eru úr torfi, um 1,5 - 2 m á breidd og 0,1 - 0,4 m á hæð. Í henni voru þrjú hólf eða rými og var miðrýmið greinilega yngra en hin tvö til endanna. Var það stærst rýmanna og nokkuð dýpra en önnur hólf. Aðeins sáust dyr á austasta rýminu, rými A, og snéru þær til suðausturs, í átt að selinu, rúst 38:2.

Rústin var mjög vel gróin grasi. Suðvestur og vestur af rústinni voru fleiri rústir sem ekki voru skráðar í þessari ferð, nema rúst 38:3 (sjá meðfylgjandi fornleifaskrá).




Mynd 2. Yfirlitsteikning af rústunum á tanganum á milli Merkurár og Sláttugils. Á myndina vantar a.m.k. tvær rústir suðvestan- og vestan við rúst 38:1. Að auki voru lágir hólar bæði fyrir sunnan rúst 38:1 og 38:2 sem vel gætu verið ruslahaugar. Á teikninguna vantar fornleifar nr. 38:7, garð austan við rúst 38:1, sjá fornleifaskrá (Frumt. SSE. Hreint. BFE).




Mynd 3. Flatarteikning af rúst 38:1. Staðsetning prufuhola er ekki mjög nákvæm. (Frumt. SSE. Hreint. BFE 2012).

*Prufuhola 1 í rúst 38:1, hólf B*

Holan var grafin í rými B, miðrýmið, með það að markmiði að komast fyrir um aldur veggjarins út frá gjóskulögum. Byrjað var á því að grafa 1 x 1 m stóra holu í vegginn, en hún var svo stækkuð til norðurs um annan fermetra. Mesta dýpt holunnar var 1,03 m í vesturhluta hennar og 1,16 m í þeim eystri. Á um 0,6 m dýpi komu fyrstu vísbendingarnar um torfvegg í ljós, en það voru aðallega torf með svartri gjósku.

Í uppmokstrinum voru einstaka brennd bein sem gætu bent til þess að rústin hafi veri byggð úr eldir byggingarefnum annarar rústar.




Mynd 4. Snið í Prh. 1 í rúst 38:1, rými B. Sjá mátti torfstrengi að innan- og utanverðu í veggnum (hægra- og vinstra megin). Sá hluti var hlaðin af streng, en á milli voru afgangar og afskurðir. Sjá mynd 8 til samanburðar. Gjóskulögin eru greind á sjónrænan hátt með samanburð við prufuholu 2 og fyrri reynslu manna.

Þá kom í ljós torfveggur sem var eldri en 1362, en yngri en 934. Lá veggurinn ofan á þéttu áfokslagi sem var ofan á gráu grófu gjóskulagi sem er nær örugglega landnámslagið svokallaða frá 871±2 (lag 9 á mynd 4). Þegar húsið var byggt hafði verið grafið innan úr rústinni sbr. lag nr. 13. Í því lagi voru einstaka viðarkolamolar og örfá brennd bein. Ekki var hægt að staðfesta eiginlegt gólf inni í rústinni. Líklega var hér komið hliðarskip í húsi, þó ekki verði nánar sagt til um hvers kyns hús það var án frekari rannsókna. Ef timburverk hefur verið í hliðarskipunu (set) gefur gólfið lítið uppi um hlutverk sitt.

Í veggnum mátti sjá tvenns konar torf, annarsvegar kjarna úr torflykksum sem sett hafði verið í vegginn og hins vegar, frekar mjóa strengi sem lagðir höfðu verið hver ofan á annan að innan og utan í stefnu hússins. Ekki hefur undirritaður séð þetta áður. Reikna má með því að torfið hafi verið skorið innan úr rýminu og sett í vegginn. Afgangar og afskurðir hafa myndað uppistöðuna í kjarnanum. Snið holunnar var teiknað í mælikvarðanum 1:20 og svo ljósmynduð með stafrænum hætti. Engin sýni voru tekin og engir gripir fundust.




Mynd 5. Snið 2 í rúst 38:1, rými C. Sín hvoru megin í veggnum voru áberandi mjóir torfstrengir sem lagðir hafa verið í vegginn og á milli kjarni af torfskurði og afgöngum rétt eins og sást í sniði 1, mynd 4. Í torfinu voru linsur af E-934 gjóskunni. Sjá mynd 9 til samanburðar.

*Prufuhola 2 í rúst 38:1, hólf C*

Holan var 1 x 1 m stór og grafin í norðurvegg rústarinnar, í rými C, sem líkur voru til að væri eldra en rými B. Mesta dýpt holunnar var 1,04 m vestuhlutanum og 1,20 í þeim vestari. Á tæplega 0,6 m dýpi kom svipaður torfveggur í ljós og sást í prufuholu 1 í rústinni. Var hann byggður með

sömu tækni og sömu gjóskulögum og sá veggur. Þó var sá munur á að veggurinn var eldri en 1206 skv. gjóskutímatalsfræðinni. Að öðru leyti voru sömu jarðlögin undir veggnum og í hinni prufuholunni í rústinni.

Snið holunnar var teiknað í mælikvarðanum 1:20 og tvö sýni voru tekin, úr svartri gjósku í vegg (sýni 2) og úr blásvörtu gjóskulagi in situ undir veggnum (sýni 1). Sýni 1 reyndist vera úr Eldgjá 934, en síðara sýnið líktist því lagi mjög, en er forsögulegt, líklega úr Kötlu.

Ekki er staðfest að rúst 1 séu leifar af skála, alveg eins kemur til greina að hér sé um skepnuhús að ræða, sem gæti verið samtíða eldstu minjunum í rúst 2. Líklegur aldur er 10. - 11. öld.




Mynd 6. Rúst 38:2, sel. Hugsanlega er tungan sem gengur til suðurs leifar af öskuhaug (Frumt. SSE. Hreint. BFE 2012).




Mynd 7. Snið 1 í rúst 38:2. Neðst er blágrátt gjóskulag þar sem gólfið var ofan á. Þar fyrir ofan eru gjóskuslettur úr E-934 sem ekki eru in situ. Þýðir það að rústin er lítið eitt yngri en svo. Sjá mynd 10 til samanburðar.

### *Rúst 38:2*

Seljarústin var 6,5 x 10,5 m og hafði stefnuna A - V. Veggir voru úr torfi og hugsanlega grjót, en það hefur ekki verið staðfest. Breidd veggjanna er 2 - 3 m og hæð þeirra 0,5 - 0,7 m. Tvö hólf eða rými eru í rústinni, hólf A og B. Dyr eru á þeim báðum mót suðri, en ekki var neitt sem benti til þess að dyr hafi verið á milli hólfanna. Rústin er mjög vel gróin grasi og áberandi í landinu.

SSA af rústinni var lágur hóll sem gæti verið öskuhaugur, en aðrir staðir koma einnig til greina í allra næsta nágrenni hennar (innan við 10 m) eins og t.d. tungan sem gengur suður úr rústinni sbr. teikningu.

Ekki er hægt að útiloka að rústabrot komi undan selinu, sérstaklega að austanverðu.




Mynd 8. Snið í prh. 1 í rúst 38:1. Sjá má dökk svart försögulegt lag neðst í holunni (lag 11 á mynd 4) og grátt lag þar rétt fyrir ofan, en það er Landnámslagið. Rétt þar fyrir ofan má sjá torfvegginn með svartri og grárri gjósku. Greinilegt er til vinstri á myndinni þar sem skorið hefur verið í gegn um gjóskulögin, þegar húsið var byggt á sínum tíma. Kvarðinn er 40 sm. Öll lögin eru greind á sjónrænan máta og samanburði við aðrar prufuholur. (Stafrænar myndir nr. 9. Horft mót SA. Ljósm. BFE. Viðbætur ÞÞ).



Mynd 9. Snið í prh. 2 í rúst 38:1. Hér má sjá sömu lög og á mynd 5 og 8. Torfveggurinn er greinilegri hér þar sem sjá má stengi í honum utanverðum til vinstri. Þar sem mest ber á svartri gjósku er kjarninn í veggnum innan við áðurnefnda strengi. Lengst til vinstri má sjá ljósgrátt gjóskulag í sniðinu, en það er V-1206. Rústin er talsvert eldri en lag þetta. Sama stærð á stiku og á mynd 8. (Stafrænar myndir nr. 14. Horft mót SA. Ljósm. BFE).



Mynd 10. Snið í prh. 1 í rúst 38:2. Lengst niðri má sjá hellur á rönd og liggjandi sem tilheyra elsta húsinu. Ofan við þær má grilla í svartar skellur í sniðinu, en þær eru vafalítið úr E-934, sem þýðir þá að húsið er eldra en það. Steinarnir ofarlega í sniðinu tilheyra selinu. Neðst sést bæði gólf og svart gjóskulag, sem er forsöguleg Katla. Til hægri má sjá gulhvítar línur í sniðinu, en það eru gjóskulinsur úr Ö-1362 í torfvegg selsins. (Stafrænar myndir nr. 13. Horft mót A. Ljósm. BFE).

*Prufuhola 1 í rúst 38:2*

Í sunnanvert hólf B var grafin prufuhola í saman tilgangi og aðrar holur. Var hún 1 x 1 m að stærð. Mesta dýpt prufuholunnar var 1,38 m fyrir miðri holunni.

Á um 0,65 m dýpi kom í ljós blandað lag með slettum af gjósku (Ö-1362) og einstaka viðarkolum sóti og ösku. Í því voru steinar sem geta verið úr vegg selsins, eða úr öðrum mannvirkjum þess. Í sniðinu mót suðri mátti sjá torfvegg með Ö-1362 gjóskunni (sbr. mynd 10, til hægri). Lagið þar undir var einnig blandað mannvistarlagsslettum og í því voru einnig einstaka steinar. Ekki var hægt að greina einstök gólf, en þessi lög tvö eru vafalítið leifar af selstöðunni, sem verið hefur í brúki um þó nokkurn tíma. Á 1,29 m dýpi kom svo neðsta mannvistarlagið í ljós, beint ofan á blágrárri gjósku. Í þessu lagi voru hellur á rönd sem eru líklegar leifar af þró af einhverju tagi. Hér gæti verið skáli og hann gæti komið undan selinu að austanverðu og verið um 12-14 m langur.



Mynd 11. Horft eftir rúst 38:1. Prufuholurnar voru fjær á myndinni. (Stafrænar myndir nr. 15. Horft mót NV. Ljósm. BFE).



Mynd 12. Horf til rústar 38:2, seljarústina. Fjærst á myndinni má sjá Merkuránna renna saman við lækinn í Sláttugilinu. (Stafrænar myndir nr. 16. Horft mót S. Ljósm. BFE).

Tvö sýni voru tekin, annað úr svörtum gjóskuslettum í lagi ofan við neðsta mannvistarlagið (sýni 3, sýni 1 á sniðmynd) og svo úr neðsta blágráa gjóskulaginu með hellunum (sýni 4, sýni 2 á sniðmynd). Fyrra sýnið var ur Eldgjá 934 en hið síðara var forsögulegt, þó ekki það sama og forsögulega lagið undir rúst 38:1.

Líklegur aldur selsins er 14. - 15. öld, en líklegur aldur eldri minjanna undir selinu er 10. öld (eldra en 934?) og ekki hægt að útiloka að um mannabústað sé að ræða og líklega samtíða rúst 1.

***Gjóskugreiningar***

Fjögir sýni voru greind og í tveimur tilfellum eru það líklega E-934 gjóskur. Þriðja sýnið líkist mjög Eldgjárlaginu, en vegna legu sinnar undir landnámslaginu getur það ekki verið annað en forsögulegt. Fjórða sýnið er að öllum líkindum forsöguleg Katla sem lá rétt undir gólfinu í eldri rústinni undir rúst 38:2. Líkist það ekki hinu forsögulega laginu undir rúst 38:1. Dr. Þorvaldur Þórðarson greindi sýnin eins og áður í þessu verkefni.

### *Niðurstaða*

Rannsóknirnar leiddu í ljós að rúst 1 er mun eldri en 1206, en lítið eitt yngri en 934. Rúst 2 er í raun tvær ólíkar rústir, annarsvegar seljarúst frá 14. - 15. öld og hins vegar mögulegur mannabústaður frá 10. öld.

Rústirnar á tungunni á milli Merkurár og Sláttugils eru að sumu leiti mjög líkar rústunum við Fjárhól, sem rannsakaðar voru 2011. Á báðum stöðum eru talsverðar minjar um sauðfjárrækt og á báðum stöðum eru minjar um búsetu þegar á 10. öld. Hvort um útstöð eða bæ hafi verið að ræða verður ekki sagt með vissu enn sem komið er.

### *Heimildir*


Bjarni F. Einarsson. „Jaðarbyggð á Eyjafjarðardal. Víkingaaldarbærinn Granastaðir. Fornleifarannsóknir á skála, jarðhýsi og öðrum tilheyrandi fornleifum sumrin 1987 og 1988.“ *Súlur. Norðlenskt tímarit*. XVI. árg. 29. hefti. Akureyri 1989. Bls. 22 – 77.

Ibid. *The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Reykjavík 1995.

Ibid. Heiðarbýlin. Fornar rústir á Síðuheiðum, V-Skaftafellsslýslu. Fornleifafræðistofan 2008. Viðaukar eftir dr. Þorvald Þórðarsson og Timothy Horsley.

Ibid. Heiðarbýlin. Fornar rústir á Síðuheiðum, V-Skaftafellsslýslu. Skýrsla II. Fornleifafræðistofan 2010. Viðauki: Niðurstöður gjóskugreininga eftir dr. Þorvald Þórðarsson.

Ibid. Heiðarbýlin. Fornar rústir á Síðuheiðum, V-Skaftafellsslýslu. Leiðólfsfell. Skýrsla III. Fornleifafræðistofan 2010.

Ibid. Heiðarbýlin. Fornar rústir á Síðuheiðum, V-Skaftafellsslýslu. Fjárhóll. Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan 2012. Viðauki: Niðurstöður efnagreininga á gjóskusýnum tveimur eftir dr. Þorvald Þórðarsson.

*Ísland. Ferðakort yfir Suðurland*. Aðalkort nr. 3 og 6. Mkv. 1:250 000.

Kristján Mímisson og Sandra Sif Einarsdóttir: Heyðarbýlin. Skráning og uppmæling fornminja á heiðunum á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu. Rannsóknarskýrsla. Fornleifafræðistofan 2005.

Örnefnaskrá. *Geirland*. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Handrit.


## *Tæknilegar upplýsingar*

***Rannsóknarstaður:***
Fornar rústir á tanga milli Merkurár og Sláttugils í landi Geirlands í Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu.

***Verkkaupandi/kostunaraðili***
Fornleifafræðistofan og Kirkjubæjarstofa (húsaleiga).

***Ábyrgðaraðili:***
Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

***Leyfi fornleifaverndar:***
***31.*** júlí 2012.

***Rannsóknarnúmer:***
Þjms. 2102-55.

***Starfsmenn:***
Ármann Guðmundsson, fornleifafræðingur.
Ásta Hermannsdóttir, fornleifafræðingur.
Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur.
Janis Mitchell, fornleifafræðingur og forvörður.
Júlíus Oddson bóndi.
Páll Kolka, jarðfræðingur.
Sandra Sif Einarsdóttir, fornleifafræðingur og forvörður.
Sindri Ellertsson Csillag, fornleifafræðingur.

***Forvarsla:***
Einn nagli (Janis Mitchell).

***Rannsóknartími:***
11. - 12. ágúst 2012.

***Hnitakerfi:***
Eigið.

***Hæðarkerfi:***
Eigið.

***Grafinn flötur:***
4 fermetrar, 3 prufuholur.

***Geymsla gagna:***
Öll gögn verða geymd á Fornleifafræðistofunni þar til annað verður ákveðið.

***Skýrsla hjá:***
M.a. Fornleifavernd ríkisins, Þjóðminjasafni og Fornleifafræðistofunni.

## *Dagbók 2012*

*11. ágúst*

Komum í tunguna á milli Merkurár og Sláttugils á Geirlandsheiði í V-Skaftafellssýslu.

Í meinta skálarúst var grafin prufuhola í S-langvegg, u.þ.b. fyrir miðju þar sem greinilegt var að yngri rúst hafði verið sett ofan í eldri. Fyrst var 1x1 m grafin og ekkert kom í ljós annað en rask á jarðlögum sem vænta mátti eftir tvær kynslóðir óskildra rústa. Þá var holan stækkuð til N um 1x1 m.

Í seljarústina var grafin 1x1 m hola í eystra rýmið.

Framan af morgni var rigning og þétt þoka. Fór svo að birta upp um kl. 13:00.

Í Prh í rúst 1 komu brennd bein upp við moksturinn í holunni NA-verðri = veggur byggður úr eldri m-lögum? Ofan á vegg sem þar kom í ljós er Ö-1362 og undir er 1206 (?). 934 nokkuð neðar og jarðvegsmyndun á milli = nokkuð yngri en 934 og 1206, en eldri en 1362!

Grafin 1x1 m utan við húsið, vestarlega á N-vegg.

Ekki stytti upp eftir allt saman, heldur var rigningarúði nær allan daginn.

Í Prh í seljarústinni er komið eldra gólf á um 1,5 m dýpi.

[Svo fylgir fornleifaskráning á rústunum sem færð hefur verið í Fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar sem fylgir skýrslu þessari].

# Skrár


| | | |
|---|---|---|
| 1 | **Stafrænar ljósmyndir** | bls. 14 |
| 2 | **Fundaskrá** | bls. 17 |
| 3 | **Sýnaskrá** | bls. 18 |
| 4 | **Fornleifaskrá** | bls. 19 |
| 5 | **Rannsóknarskrá** | bls. 27 |
| 6 | **Gjóskugreining** | bls. 28 |

## Stafrænar ljósmyndir

*Staður* Tanginn | *Sveitarfélag* Skaftárhreppur | *Táknatala* 8509
*Sýsla* V-Skaftafellssýsla | *Dags* 8.11.2012 | *Mót* NV | *Mynd nr.* 1
*Myndavél* Cannon EOS 550D | *Myndefni* Prh. 1 (fyrri hluti) í rúst 1.
*Ljósmyndari* Bjarni F. Einarsson
*Þjms nr.* 2012-55



*Staður* Tanginn | *Sveitarfélag* Skaftárhreppur | *Táknatala* 8509
*Sýsla* V-Skaftafellssýsla | *Dags* 8.11.2012 | *Mót* NV | *Mynd nr.* 2
*Myndavél* Cannon EOS 550D | *Myndefni* Prh. 1 (fyrri hluti) í rúst 1.
*Ljósmyndari* Bjarni F. Einarsson
*Þjms nr.* 2012-55



*Staður* Tanginn | *Sveitarfélag* Skaftárhreppur | *Táknatala* 8509
*Sýsla* V-Skaftafellssýsla | *Dags* 8.11.2012 | *Mót* NV | *Mynd nr.* 3
*Myndavél* Cannon EOS 550D | *Myndefni* Prh. 1 í rúst 2 (selið). Sjá má steina úr efsta gólfi(?).
*Ljósmyndari* Bjarni F. Einarsson
*Þjms nr.* 2012-55



*Staður* Tanginn | *Sveitarfélag* Skaftárhreppur | *Táknatala* 8509
*Sýsla* V-Skaftafellssýsla | *Dags* 8.11.2012 | *Mót* NA | *Mynd nr.* 4
*Myndavél* Cannon EOS 550D | *Myndefni* Prh. 1 í rúst 2 (selið). Sjá má steina úr efsta gólfi(?).
*Ljósmyndari* Bjarni F. Einarsson
*Þjms nr.* 2012-55



*Staður* Tanginn | *Sveitarfélag* Skaftárhreppur | *Táknatala* 8509
*Sýsla* V-Skaftafellssýsla | *Dags* 8.11.2012 | *Mót* NV | *Mynd nr.* 5
*Myndavél* Cannon EOS 550D | *Myndefni* Prh 1 (báðir fasar) í rúst 1. Sjá má torfvegg.
*Ljósmyndari* Bjarni F. Einarsson
*Þjms nr.* 2012-55



*Staður* Tanginn | *Sveitarfélag* Skaftárhreppur | *Táknatala* 8509
*Sýsla* V-Skaftafellssýsla | *Dags* 8.11.2012 | *Mót* NA | *Mynd nr.* 6
*Myndavél* Cannon EOS 550D | *Myndefni* Prh 1 (báðir fasar) í rúst 1. Sjá má niðurgröft innan í húsinu.
*Ljósmyndari* Bjarni F. Einarsson
*Þjms nr.* 2012-55



*Staður* Tanginn | *Sveitarfélag* Skaftárhreppur | *Táknatala* 8509
*Sýsla* V-Skaftafellssýsla | *Dags* 8.11.2012 | *Mót* NA | *Mynd nr.* 7
*Myndavél* Cannon EOS 550D | *Myndefni* Prh. 1 í rúst 2 (selið).
*Ljósmyndari* Bjarni F. Einarsson
*Þjms nr.* 2012-55



## Stafrænar ljósmyndir

| Staður | Sveitarfélag | Táknatala |
|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 |

| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | 8.11.2012 | NA | 8 |

| Myndavél | Myndefni |
|---|---|
| Cannon EOS 550D | Prh. 1 í rúst 2 (selið). Meint stoðarhola niðri t.h. Svo reyndist ekki vera, en gólf í vændum. |

| Ljósmyndari |
|---|
| Bjarni F. Einarsson |

Þjms nr. 2012-55




| Staður | Sveitarfélag | Táknatala |
|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 |

| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | 8.11.2012 | SA | 9 |

| Myndavél | Myndefni |
|---|---|
| Cannon EOS 550D | Prh. 1 í rúst 1. Veggur og niðurgröftur fyrir húsinu. |

| Ljósmyndari |
|---|
| Bjarni F. Einarsson |

Þjms nr. 2012-55




| Staður | Sveitarfélag | Táknatala |
|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 |

| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | 8.11.2012 | SA | 10 |

| Myndavél | Myndefni |
|---|---|
| Cannon EOS 550D | Prh. 1 í rúst 1. Veggur og niðurgröftur fyrir húsinu. Landnámslagið er grátt. |

| Ljósmyndari |
|---|
| Bjarni F. Einarsson |

Þjms nr. 2012-55




| Staður | Sveitarfélag | Táknatala |
|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 |

| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | 8.11.2012 | NA | 11 |

| Myndavél | Myndefni |
|---|---|
| Cannon EOS 550D | Prh. 1 í rúst 1. |

| Ljósmyndari |
|---|
| Bjarni F. Einarsson |

Þjms nr. 2012-55




| Staður | Sveitarfélag | Táknatala |
|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 |

| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | 8.12.2012 | NA | 12 |

| Myndavél | Myndefni |
|---|---|
| Cannon EOS 550D | Prh 1 í rúst 2. Hellur á rönd í gólfi (þró?). |

| Ljósmyndari |
|---|
| Bjarni F. Einarsson |

Þjms nr. 2012-55




| Staður | Sveitarfélag | Táknatala |
|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 |

| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | 8.12.2012 | NA | 13 |

| Myndavél | Myndefni |
|---|---|
| Cannon EOS 550D | Prh 1 í rúst 2. |

| Ljósmyndari |
|---|
| Bjarni F. Einarsson |

Þjms nr. 2012-55




| Staður | Sveitarfélag | Táknatala |
|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 |

| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | 8.11.2012 | SA | 14 |

| Myndavél | Myndefni |
|---|---|
| Cannon EOS 550D | Prh. 2 í rúst 1. Sjá má torfvegg með streng tækni og kjarna. |

| Ljósmyndari |
|---|
| Bjarni F. Einarsson |

Þjms nr. 2012-55



## Stafrænar ljósmyndir

| Staður | Sveitarfélag | Tákntala |
|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 |

| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | 8.11.2012 | NV | 15 |

*Myndavél*: Cannon EOS 550D
*Ljósmyndari*: Bjarni F. Einarsson
*Myndefni*: Rúst 1.
*Þjms nr.* 2012-55




| Staður | Sveitarfélag | Tákntala |
|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 |

| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | 8.11.2012 | S | 16 |

*Myndavél*: Cannon EOS 550D
*Ljósmyndari*: Bjarni F. Einarsson
*Myndefni*: Rúst 2.
*Þjms nr.* 2012-55




| Staður | Sveitarfélag | Tákntala |
|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 |

| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | 8.11.2012 | NV | 17 |

*Myndavél*: Cannon EOS 550D
*Ljósmyndari*: Bjarni F. Einarsson
*Myndefni*: Rúst 3.
*Þjms nr.* 2012-55




| Staður | Sveitarfélag | Tákntala |
|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 |

| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | 8.11.2012 | S | 18 |

*Myndavél*: Cannon EOS 550D
*Ljósmyndari*: Bjarni F. Einarsson
*Myndefni*: Rúst 4.
*Þjms nr.* 2012-55




| Staður | Sveitarfélag | Tákntala |
|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 |

| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | 8.11.2012 | A | 19 |

*Myndavél*: Cannon EOS 550D
*Ljósmyndari*: Bjarni F. Einarsson
*Myndefni*: Rúst 5.
*Þjms nr.* 2012-55




| Staður | Sveitarfélag | Tákntala |
|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 |

| Sýsla | Dags | Mót | Mynd nr. |
|---|---|---|---|
| V-Skaftafellssýsla | 8.11.2012 | A | 20 |

*Myndavél*: Cannon EOS 550D
*Ljósmyndari*: Bjarni F. Einarsson
*Myndefni*: Rúst 6.
*Þjms nr.* 2012-55



# Fundarskrá

| Fnr. | Staður | Sveitarfélag | Tákntala | Sýsla |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Tanginn | Skaftárhreppur | 8509 | V-Skaftafellssýsla |

| Finnandi | Dags | Þjms. nr. |
|---|---|---|
| Sindri Ellertsson Csillag | 11.08.2012 | |

| Heiti | Efniviður | Nánari lýsing á efnivið | Fj. | g1 | Heilt? |
|---|---|---|---|---|---|
| Nagli - hóffjöður | Járn | | 1 | | J |

| Lausafundur | Reitur | X | Y | Z | Lag | Númer lags | Mannvirki |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ☐ | - | - | - | 0,9 | M-lag | 16 | M Rúst 2 |

Athugasemdir

Fannst í hruni á 0,9 m dýpi.

Ljósmyndir





Staða forvörslu

☐ Engin forvarsla ☐ Í gangi ☒ Lokið ☐ Ólokið

| Forvörður | Forvarsla dags |
|---|---|
| Janis Mitchell | 25.08.2012 |

| Sérheiti | Aldur | L | Br. | H | g2 |
|---|---|---|---|---|---|
| Nagli - hóffjöður | 14.-15 öld | | | | |

Forvarsla

Hreinsaður af riði og penslaður.

Ljósmynd eftir forvörslu

Teikning

| Staður | Sveitarfélag | Sýsla | Nr. |
|---|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | Suður-Múlasýsla | 1 |

| Táknatala | Dags | Teg. sýnis | Greining? | G |
|---|---|---|---|---|
| 8509 | 8.12.2012 | Gjóska | Uppruni og aldur | |

*Niðurstaða*: Forsögulegt

*Mannvirki*: Rúst 1, prh. 2

*Þjms. nr.*: 2012-55

| X | Y | Z | Dýpi | Lag | Númer lags |
|---|---|---|---|---|---|
| - | - | - | - | - | - |

*Athugasemdir*: Sýnið er tekið úr svörtu gjóskulagi in situ. Líkt og E-934, en er forsögulegt.

| Staður | Sveitarfélag | Sýsla | Nr. |
|---|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | Suður-Múlasýsla | 2 |

| Táknatala | Dags | Teg. sýnis | Greining? | G |
|---|---|---|---|---|
| 8509 | 8.12.2012 | Gjóska | Uppruni og aldur | |

*Niðurstaða*: Líklega E-934

*Mannvirki*: Rúst 1, prh. 2

*Þjms. nr.*: 2012-55

| X | Y | Z | Dýpi | Lag | Númer lags |
|---|---|---|---|---|---|
| - | - | - | - | - | - |

*Athugasemdir*: Sýnið er tekið úr svörtu gjóskulagi í torvegg rústar 1, meintum eldri hluta.

| Staður | Sveitarfélag | Sýsla | Nr. |
|---|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | Suður-Múlasýsla | 3 |

| Táknatala | Dags | Teg. sýnis | Greining? | G |
|---|---|---|---|---|
| 8509 | 8.11.2012 | Gjóska | Uppruni og aldur | |

*Niðurstaða*: Líklega E-934 eða Katla 920

*Mannvirki*: Rúst 2, Prh. 1

*Þjms. nr.*: 2012-55

| X | Y | Z | Dýpi | Lag | Númer lags |
|---|---|---|---|---|---|
| - | - | - | - | - | - |

*Athugasemdir*: Sýnið er tekið úr slitróttu svörtu gjóskulagi, ekki in situ, rétt ofan við elsta gólfið í rúst 2, seljarúst. Merkt sýni 1 á mynd 7 í skýrslu.

| Staður | Sveitarfélag | Sýsla | Nr. |
|---|---|---|---|
| Tanginn | Skaftárhreppur | Suður-Múlasýsla | 4 |

| Táknatala | Dags | Teg. sýnis | Greining? | G |
|---|---|---|---|---|
| 8509 | 8.11.2012 | Gjóska | Uppruni og aldur | |

*Niðurstaða*: Líklega forsöguleg Katla

*Mannvirki*: Rúst 2, Prh. 1

*Þjms. nr.*: 2012-55

| X | Y | Z | Dýpi | Lag | Númer lags |
|---|---|---|---|---|---|
| - | - | - | - | - | - |

*Athugasemdir*: Sýnið er tekið úr blásvörtu gjóskulagi, in situ, beint undir elsta gólfinu í rúst 2, seljarúst. Ekki eins og sýni 1. Merkt sýni 2 á mynd 7 í skýrslu.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Vestur-Skaftafellsýsla | Skaftárhreppur | 8509 | | **38** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Geirland | | Tanginn | **1-7** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 11,08.2012 | E 544916 N 368974 | Ísn. 93 | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Eyðibýli(?), selstaða og fjárborgir | Landnámsbýli | Heiðarbýlin | >7 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | -1550 | | | | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hátt | 8 | Hátt | 8 | Já | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Á tanganum á milli Merkurár og Sláttugils á heiðarbrúninni á Geirlandsheiði. Í grasi gróinni brekku sunnan undir lágum hól sunnan við Digranesholt.

*Heimildir og munnmæli*

Örnefnaskrá. Geirland. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Bjarni F. Einarsson. Heiðarbýlin V. Fornar rústir á Síðuheiðum. Fornleifafræðistofan. 2012.

*Lýsing*

**Eyðibýli (?), selstaða og þrjár fjárborgir.**

Svæðið er afar vel gróið grasi og er um 100 m langt (NV - SA) og 60 m breitt.

Hið meinta eyðibýli gæti legið undir selinu og rúst 1, 3 og fleiri rústir gætu verið hluti af því.

Grafnar voru tvær prufuholur í rúst 1 og ein í rúst 3 dagana 11. - 12. ágúst 2012.

Rúst 1 var eldri en 1362 og selið var yngra en xxxx.

Fjárborgirnar eru þrjár og þær eru trúlega yngri en 1362 og eldri en 1800.

Ekki reyndist unnt að sannreyna hvort um eyðibýli hafi verið að ræða.

GPS er við rúst 1 efst t.v. á teikn. Þar hjá ern nr. 2 og nr. 3 er efst t.h.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*

| Ljósmyndari | - |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | - |

*Athugasemdir*

Ekki var hægt að taka yfirlitsmyndir vegna þoku þegar rannsókn fór fram 11. - 12. ágúst 2012.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Vestur-Skaftafellsýsla | Skaftárhreppur | 8509 | | 38 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Geirland | | Tanginn | 1 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 12,08.2012 | E 544916 N 368974 | Ísn. 93 | 160 | 5 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Landnámsbýli | Heiðarbýlin | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | -1550 | | | | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hátt | 8 | Hátt | 8 | Já | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Á tanganum á milli Merkurár og Sláttugils á heiðarbrúninni á Geirlandsheiði. Í grasi gróinni brekku suðvestan undir lágum hól sunnan við Digranesholt.

*Heimildir og munnmæli*

Örnefnaskrá. Geirland. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.
Bjarni F. Einarsson. Heiðarbýlin V. Fornar rústir á Síðuheiðum. Fornleifafræðistofan. 2012.

*Lýsing*

**Rúst.**
7 x 20 m (NV-SA). Veggir úr torfi, 1,5 - 2 m breiðir og 0,1 - 0,4 m háir. Þrjú hólf eru á rústinni (hólf A - C). Dyr eru á hólfi C til austurs en aðrar dyr ekki greinanlegar.
Hólf B, sem er breiðast og stærst, er dýpra en önnur hólf og líklega yngra en hin hólfin, eða þarna hefur yngri rúst verið grafin ofan í eldri.
Rústin er mjög vel gróin grasi.

Grafið var í rústina 11. - 12. ágúst 2012 og reyndist hólf b í rústinni vera eldri en 1362 og yngri en 934. Hólf A reyndist aftur á móti eldri en 1206 og yngri en 934.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



Ljósmyndari: Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar: Canon EOS 550D

*Athugasemdir*

Grafnar voru tvær prufuholur í rústina 11. - 12. ágúst 2012. Yngri en 934, eldri en 1206/1362.

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Vestur-Skaftafellsýsla | Skaftárhreppur | 8509 | | 38 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Geirland | | Tanginn | 2 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 12,08.2012 | E 544964 N 368974 | Ísn. 93 | 155 | 5 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Sel | | Heiðarbýlin | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | -1550 | | | | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hátt | 8 | Hátt | 8 | Já | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Á tanganum á milli Merkurár og Sláttugils á heiðarbrúninni á Geirlandsheiði. Í grasi gróinni brekku sunnan undir lágum hól sunnan við Digranesholt.

*Heimildir og munnmæli*

Örnefnaskrá. Geirland. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Bjarni F. Einarsson. Heiðarbýlin V. Fornar rústir á Síðuheiðum. Fornleifafræðistofan. 2012.

*Lýsing*

**Sel.**

6,5 x 10, 5 m (A-V). Veggir úr torfi (og grjóti?), 2 - 3 m breiðir og 0,5 - 0,7 m háir. Tvö hólf eru á rústinni (hólf A og B) og eru dyr á þeim báðum mót S. Líklega hafa dyr ekki verið á milli hólfanna. Rústin er mjög vel gróin grasi.
Ekki er hægt að útiloka að rústabrot komi undan selinu, sérstaklega að austanverðu.

Grafin var ein prufuhola í rústina 11. - 12. ágúst 2012 og reyndist selið vera yngra en xxxx og eldra en xxxx. Undir því kom í ljós gólf sem gæti verið eldra en 934 ef sjónræn greining á hreyfðri gjósku er rétt.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 550D |

*Athugasemdir*

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Vestur-Skaftafellsýsla | Skaftárhreppur | 8509 | | 38 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Geirland | | Tanginn | 3 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 12,08.2012 | E 544913 N 368966 | Ísn. 93 | 158 | 5 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Rúst | Landnámshús | Heiðarbýlin | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | -1550 | | | | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hátt | 8 | Hátt | 8 | Já | Nei | |

*Lega og staðhættir*

Á tanganum á milli Merkurár og Sláttugils á heiðarbrúninni á Geirlandsheiði. Í grasi gróinni brekku suðvesta undir lágum hól sunnan við Digranesholt. Um 2 m suður af rúst 1.

*Heimildir og munnmæli*

Örnefnaskrá. Geirland. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.
Bjarni F. Einarsson. Heiðarbýlin V. Fornar rústir á Síðuheiðum. Fornleifafræðistofan. 2012.

*Lýsing*

**Rúst.**
5,5 x 6,5 m (NV - SA). Veggir úr torfi, 1,5 - 2 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir.
Hugsanlega hafa verið dyr mót NA, eða á móti rúst 1. Rústin er mjög vel gróin grasi.

Hún minnir mjög á sambærilega rúst austan við meintan skála á Fjárhóli. Slíkar rústir finnast oft við skála svo sem í Hólmi í Nesjum og í Vatnsfirði í Ísafjarðardjúpi.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 550D |

*Athugasemdir*

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Vestur-Skaftafellsýsla | Skaftárhreppur | 8509 | | 38 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Geirland | | Tanginn | 4 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 12,08.2012 | E 544928 N 368921 | Ísn. 93 | 156 | 5 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Fjárborg | | Heiðarbýlin | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Já | Já | |

*Lega og staðhættir*

Á tanganum á milli Merkurár og Sláttugils á heiðarbrúninni á Geirlandsheiði. Fáeina metra frá árbakkanum. Í grasi gróinni brekku suðvesta undir lágum hól sunnan við Digranesholt.

*Heimildir og munnmæli*

Örnefnaskrá. Geirland. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Bjarni F. Einarsson. Heiðarbýlin V. Fornar rústir á Síðuheiðum. Fornleifafræðistofan. 2012.

*Lýsing*

**Fjárborg.**

Um 10,5 m í þvermál. Veggir úr torfi (og grjóti?), 3 -4 m breiðir og 0,5 - 0,6 m háir. Engar dyr eru greinanlegar.

Borgin er mjög vel gróin grasi.

Um 13 m ASA af fjárborg nr. 4 er fjárborg nr. 5.

*Teikning/ljósmynd*



*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 550D |

*Athugasemdir*

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Tákntala | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Vestur-Skaftafellsýsla | Skaftárhreppur | 8509 | | 38 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Geirland | | Tanginn | 5 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 12,08.2012 | E 544954 N 368934 | Ísn. 93 | 156 | 5 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Fjárborg | | Heiðarbýlin | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Já | Já | |

### Lega og staðhættir

Á tanganum á milli Merkurár og Sláttugils á heiðarbrúninni á Geirlandsheiði. Fáeina metra frá árbakkanum. Í grasi gróinni brekku suðvesta undir lágum hól sunnan við Digranesholt.
Um 13 m ASA af fjárborg nr. 4.

### Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Geirland. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.
Bjarni F. Einarsson. Heiðarbýlin V. Fornar rústir á Síðuheiðum. Fornleifafræðistofan. 2012.

### Lýsing

**Fjárborg.**
12 m í þvermál og 0,3 - 0,6 m há. Ekki er hægt að greina þykkt veggja, né stærð hólfs og sömuleiðis eru ekki sjáanlegar dyr á borginni. Hún er hærri að sunnanverðu, eða neðar í brekkunni. Yfirborð hennar er því sem næst lárétt. Hún er mjög vel gróin grasi.

Um 11 m A af fjárborg nr. 5 er fjárborg nr. 6.

Teikning/ljósmynd




Ljósmynd



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 550D |

### Athugasemdir

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknatala | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Vestur-Skaftafellsýsla | Skaftárhreppur | 8509 | | **38** |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Geirland | | Tanginn | **6** |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 12,08.2012 | E 544975 N 368948 | Ísn. 93 | 153 | 5 |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Fjárborg | | Heiðarbýlin | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Talsvert | 6 | Talsvert | 6 | Já | Já | |

*Lega og staðhættir*

Á tanganum á milli Merkurár og Sláttugils á heiðarbrúninni á Geirlandsheiði. Fáeina metra frá árbakkanum. Í grasi gróinni brekku suðvesta undir lágum hól sunnan við Digranesholt.
Um 11 m A af fjárborg nr. 5.

*Heimildir og munnmæli*

Örnefnaskrá. Geirland. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.
Bjarni F. Einarsson. Heiðarbýlin V. Fornar rústir á Síðuheiðum. Fornleifafræðistofan. 2012.

*Lýsing*

**Fjárborg.**
Um 10 - 11 m í þvermál og 0,5 - 0,8 m há. Ekki er hægt að greina þykkt veggja, né stærð hólfs og sömuleiðis eru ekki sjáanlegar dyr á borginni. Hún er hærri að sunnanverðu, eða neðar í brekkunni. Yfirborð hennar er því sem næst lárétt. Hún er mjög vel gróin grasi.

*Teikning/ljósmynd*




*Ljósmynd*



| Ljósmyndari | Bjarni F. Einarsson |
|---|---|
| Filma nr./teg. myndar | Canon EOS 550D |

*Athugasemdir*

# Fornleifaskrá

| Sýsla | Sveitarfélag | Táknntala | Hverfi | Aðalnr. |
|---|---|---|---|---|
| Vestur-Skaftafellsýsla | Skaftárhreppur | 8509 | | 38 |

| Landareign | Nr | Heiti | Undirnr. |
|---|---|---|---|
| Geirland | | Tanginn | 7 |

| Skrásetjari | Dags. | GPS Staðsetning | Viðmiðun | M.y.s. | Skekkja |
|---|---|---|---|---|---|
| Bjarni F. Einarsson | 12,08.2012 | - | | | |

| Tegund minja | Tilgáta/Niðurstaða | Verk | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Garður | | Heiðarbýlin | 1 |

| Hættumat | Hætta | Ástand | Aldur | Í eyði | Tímab. hættumat | Tímab. hætta | Merkja? |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert | Engin | Ágætt | 1550-1900 | | | | Já |

| Minjagildi | Einkunn | Varðveislugildi | Einkunn 2 | Friðlýsa? | Friðlýst? | Hvenær |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítið | 4 | Lítið | 4 | Já | Já | |

*Lega og staðhættir*

Á tanganum á milli Merkurár og Sláttugils á heiðarbrúninni á Geirlandsheiði. Í grasi gróinni brekku suðvesta undir lágum hól sunnan við Digranesholt. Um 2 m austan við rúst 1.

*Heimildir og munnmæli*


Örnefnaskrá. Geirland. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Bjarni F. Einarsson. Heiðarbýlin V. Fornar rústir á Síðuheiðum. Fornleifafræðistofan. 2012.


*Lýsing*

**Garður.**
NV - endinn byrjar um 2 m A af NA-horni rústar 1. Er hann í fyrstunni 6 m langur í stefnuna SA og beygir svo til SSA og er sá kafli 19 m langur. Garðurinn er úr torfi, um 2 m á breidd og 0,1 - 0,2 m á hæð. Hann er mjög vel gróin grasi.

Garðurinn gæti verið svipað fyrirbæri og sást við rústina hjá Fjaðrárgljúfri (fornleifar nr. 20).

*Teikning/ljósmynd*

*Ljósmynd*

| | |
|---|---|
| Ljósmyndari | - |
| Filma nr./teg. myndar | - |

*Athugasemdir*

# Rannsóknaskrá

*Aðalnr.* **38**

*U.nr.* **1-7**

| *Sýsla* | *Sveitarfélag* | *Landareign* |
| --- | --- | --- |
| Vestur-Skaftafellssýsla | Skaftárhreppur | Geirland/Mörk |

*Tegund minja* Rústir — Tilgáta Eyðibýli - sel — *Heiti* Á tanganum á milli Merkurár og Sláttugils

*GPS Staðsetning* — *Viðmiðun* Isn 93 — *Skekkja* 5 — *M.y. sjó*

*Teg. greiningar* Gjóskugreining — *Niðurstaða grein.* Greining dr. Þorvaldar Þórðarssonar leiddi í ljós að undir rúst 1 er Landnámslagið og í veggjum er E-934 og yfir henni H-1206 gjóska. Yfir eldri rúst 2 er E-934 og 1362 gjóska og því hugsanl. eldri en 934.

## *Niðurstaða*

Rústirnar eru ekki endilega leifar af bæ, heldur leifar af útstöð, t.d. seli frá 10. öld og yngra seli frá 14.-15. öld. Hafa eldri minjarnar verið aflagðar löngu fyrir 1206.

Rúst 1 er líklega skepnuhús, en til þess benti gólfið í rústinni, sem var rýrt með einstaka viðarkolamolum. Veggir voru úr hreinu torfi sennilega með Landnámslaginu og E-934.

Rúst 2 er sel með torfvegg sem í var Ö-1362 og þar undir forn rúst, hugsanlega eldri en 934. Sú rúst getur hafa veri skáli.

## *Heimildir*

Bjarni F. Einarsson. Heiðarbýlin. Fornar rústir á Síðuheiðum, V-Skaftafellssýslu. Fjárhóll. Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan 2011.



***Hreint./frumt.*** Yfirlitsteikn. af rústunum. Á myndina vantar nokkrar rústir.




***Hreint.*** Flatarteikn. af rúst 38:1. (Frumt./hreint.SSE. Hreint. BFE).




Flatarteikn. af rúst 38:2. Frumt. SSE. Hreint. BFE.




Flatarteikn. af rúst 38:3. Frumt. SSE. Hreint. BFE.



Snið í prh. 1 í rúst 1. Veggur og niðurgröftur (Stafr. myndir nr. 9. Horft mót SA).



Snið í prh. í rúst 2. Gólf í eldri rúst neðst. (Stafrænar myndir nr. 13 Horft mót A).

***Ábyrgðaraðili*** Bjarni F. Einarsson — ***Ljósmyndari*** Bjarni F. Einarsson

Kæri Bjarni

Hér kemur skýrslan um gjóskusýnin frá Síðuheiðum.

Tafla 1 í meðfylgjandi Excel-skjali sýnir niðurstöður efnagreiningar á gjóskusýnunum

| ÞÞ merking | Sýnanúmer |
|---|---|
| **BSH-1** | **Sýni 1, 12.08.2013, rúst 1, prufuhola 2** |

3-5 cm svart gjóskulag undir meintu Landnámslagi. Greind voru 22 gjóskukorn í þessu sýni og samsetningin er einsleit (sbr. töflu í Excel skjali). Niðurstöðurnar sýna eindregið að þessi gjóka eigi uppruna sinn að rekja til eldstöðvarkerfisins Kötlu (1. mynd hér að neðan). Efnasamsetning lagsins svarar vel til gjóskulagsisn sem er þekkt undir nafninu „ Katla 9$^{th}$ Century“ og er nánast eins og samsetning gjóskulagsins frá Kötlugosinu 920 e.kr. og ógreinanleg frá gjóskunni frá Eldgjárgosinu 934-40 e.kr. (sbr. 2-5. mynd hér að neðan). Staðsetning lagsins beint undir Landnámslaginu staðfestir aldur og bendir til þess að lagið sé frá fyrrihluta níundu aldar.

| ÞÞ merking | Sýnanúmer |
|---|---|
| **BSH-2** | **Sýni 2, 12.08.2013, rúst 1, prufuhola 2** |

Svört slitrótt gjóska í torvegg. Í þessu sýni voru greind 23 gjóskukorn og samsetningin er einsleit (sbr. töflu í Excel skjali). Niðurstöðurnar sýna eindregið að þessi gjóska eigi uppruna sinn að rekja til eldstöðvarkerfisins Kötlu (1. mynd). Efnasamsetning gjóskunnar er slík að öll Kötlugosin nefnd hér að ofan – þ.e. frá „ Katla 9$^{th}$ Century“ gosinu, Kötlugosinu 920 e.kr. eða Eldgjárgosinu 934-40 e.kr. – koma til greina sem hugsanlegur uppruni gjóskunnar. Jafnframt sýnir samsetning gjóskunnar slík að hún er ekki upprunnin frá Kötlugosinu 1179 e.kr. eða þaðan af yngri gosum (sbr. 2-5. mynd).

| ÞÞ merking | Sýnanúmer |
|---|---|
| **BSH-3** | **Sýni 3, 11.08.2013, rúst 2, prufuhola 1** |

Svört slitrótt gjóska rétt ofan við elsta gólfið í rúst 2. Í þessu sýni voru greind 15 gjóskukorn og samsetningin er einsleit (sbr. töflu í Excel skjali). Niðurstöðurnar sýna eindregið að þessi gjóska eigi uppruna sinn að rekja til eldstöðvarkerfisins Kötlu (1. mynd). Efnasamsetning gjóskunnar er slík að öll Kötlugosin nefnd hér að ofan – þ.e. frá „ Katla 9$^{th}$ Century“ gosinu, Kötlugosinu 920 e.kr. eða Eldgjárgosinu 934-40 e.kr. – koma til greina sem hugsanlegur uppruni gjóskunnar. Jafnframt er samsetning gjóskunnar slík að hún útilokar uppruna frá Kötlugosinu 1179 e.kr. og þaðan af yngri gos (sbr. 2-5. mynd). Jafnframt sýnir samsetning gjóskunnar slík að hún er ekki upprunnin frá Kötlugosinu 1179 e.kr. eða þaðan af yngri gosum (sbr. 2-5. mynd). Sniðteikningar frá prufuholunni sýna að þessi gjóska er eldri en ljósa lagið frá Öræfajökulsgosinu 1362 og sennilega eitthvað eldra en gjóskan frá Heklugosinu 1206.

| ÞÞ merking | Sýnanúmer |
|---|---|
| **BSH-4** | **Sýni 4, 11.08.2013, rúst 2, prufuhola 1** |

Svört gjóska beint undir elsta gólfinu í rúst 2. Í þessu sýni voru greind 23 gjóskukorn og samsetningin er einsleit (sbr. töflu í Excel skjali). Niðurstöðurnar benda til að gjóska sé upprunin innan eldstöðvarkerfisins Kötlu (1. mynd) og efnagreiningar sýna að samsetning þessaarar gjósku er talsvert frábrugðin samsetningu gjóskunnar í ofangreindum sýnum (sbr. 2-5. mynd). Út frá þessum gögnum er ekki hægt að segja meira en að hér er um að ræða gjósku frá forsögulegu Kötlugosi sem er eldra en 800 e.kr.

Þorvaldur Þórðarson
Reykjavík, 19.07.2013.

1. mynd


WVZ-All
RVB-All
B-V All
Grimsvotn - All
Kverk All
Askja All
Krafla All
Katla-All
Hekla-All
Eyjafjallajokull 1
Eyjafjallajokull 2
Vestmannaeyjar All
M-K line
BSH 1
BSH 2
BSH 3
BSH 4
6
5
4
3
2
1
Na2O+K2O (wt%)
42
43
44
45
46
47
48
49
50
51
52
53
54
SiO2 (wt%)

2. mynd


18
16
14
12
10
FeO (wt%)
Katla-All
Hekla-All
Eyjafjallajokull-All
Eyjafjallajokull 2
934 AD Eldgja
BSH 1
BSH 2
BSH 3
BSH 4
K 9th Century-tephra
K920
K1179?
2
3
4
5
6
TiO2 (wt%)

3. mynd


Katla-All
Hekla-All
Eyjafjallajokull 1
Eyjafjallajokull 2
934 AD Eldgja
BSH 1
BSH 2
BSH 3
BSH 4
K1179?
K920
K 9th Century-tephra
$K_2O$ (wt%)
$TiO_2$ (wt%)
0.0
0.2
0.4
0.6
0.8
1.0
1.2
1.4
1.6
1.8
2
3
4
5
6

4. mynd


Katla-All
Eyjafjallajokull 1
Eyjafjallajokull 2
Hekla-All
934 AD Eldgja
BSH 1
BSH 2
BSH 3
BSH 4
K1179?
K920
K 9th Century-tephra
$K_2O$ (wt%)
$TiO_2$/FeO
0.0
0.2
0.4
0.6
0.8
1.0
1.2
1.4
1.6
1.8
0.15
0.20
0.25
0.30
0.35
0.40

5. mynd



Hekla-All
Eyjafjallajokull-All
Katla-All
934 AD Eldgja
BSH 1
BSH 2
BSH 3
BSH 4
K1179?
K920
K 9th Century-tephra
K2O (wt%)
Mg#
1.6
1.4
1.2
1.0
0.8
0.6
0.4
0.2
0.0
0.20
0.25
0.30
0.35
0.40
0.45
0.50
0.55
0.60
0.65